

Stjórnarfundur í Guðmundarstofu 20. maí 2019 klukkan 17:00

Mættir: Hjörtur Bergstað, Hlíf Sturludóttir, Íva Rut Viðarsdóttir, Árni Geir Eyþórsson, Þórunn Eggertsdóttir, Sigurbjörn Þórmundsson og Einar Gíslason.

1. Stjórn skiptir með sér verkum

Íva Rut Viðarsdóttir er kosin sem varaformaður Fáks.

2. Lóðaleigusamningar og fundur með borgarstjóra

Borgarráð frestaði á fundi fimmtudaginn 16. maí ákvörðun varðandi lóðaleigusamninga í Víðidal. Stjórn felur framkvæmdastjóra að óska eftir fundi með borgarstjóra varðandi lóðaleigusamninga á félagssvæði Fáks.

3. Brekknaás 9

Laga þarf ársreikning vegna Brekknaás 9 þar sem hann er skráður 100% í eigu Fáks en á að vera 54,8%.

Borist hefur fyrirspurn um leiguverð fyrir húsið. Þuríður Sigurðardóttir og Kolbrún Friðriksdóttir hafa haft samband símleiðis og vilja vera með einhverskonar handverksstúdói í húsinu.

Leiguverð miðist af afborgunum plús hita og rafmagn.

4. Dómhús við Hvammsvöll

Fákur er í viðræðum um kaup á gámnum.

5. Hvammsvöllur

Var skoðað nýtt hlið inn á keppnisvöll Spretts sem er á skammhlið. Voru umræður um hvort slíkt væri eitthvað sem Fákur ætti að skoða fyrir Hvammsvöllinn.

6. Opnunartími reiðhallarinnar í sumarfríi framkvæmdastjóra

Lagt er til að anddyri sé almennt lokað frá 10. júlí og eitthvað fram í ágúst þegar framkvæmdastjóri er ekki við.

7. Nefnd um taðmál

Á aðalfundi komu upp umræður um taðmál og buðu sig fram í nefnd Hreiðar Breiðfjörð, Guðrún Oddsdóttir og Þórður Ólafsson. Nefndin fær titilinn nefnd um umhverfis- og taðmál.

8. Nefnd um styrktarmál

Tillaga er lögð fram að skipuð verði sérstök nefnd sem sér um að ná í styrki til fyrirtækja fyrir félagið og hin ýmsu mót sem haldin eru yfir árið. Slík nefnd myndi sækja styrki fyrir móta- og félagsstarfið á haustin og þannig létta á starfi mótanefndar sem hingað til hefur bæði skipulagt mótin og sótt styrki.

Fleiri mál ekki tekin fyrir, fundi slitið